



Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson, Bjarney Jónsdóttir og Kolbrún Ágústa Guðnadóttir 2.varamaður í stað Kristjáns Steinars Kristjánssonar sem boðaði forföll og 1.varamaður komst ekki.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð. Gengið var til dagskrár.

1. Hnitsetning jarða í Skagabyggð

Sveitastjórn samþykkir að kanna áhuga íbúa á að sveitarfélagið aðstoði íbúa við hnitsetningu landamerkja jarða þ.e. lögbýla innan sveitarfélagsins.

2. Sameiningamál

Umræður um sameiningarmál, beðið er svara um fjárveitingu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

3. Skipun starfshóps um endurskoðun á dreifnámi á Hvammstanga og Blönduósi

Fyrir fundinum lá erindi frá Félags- og skólaþjónustu A Hún og Fjölskyldusviði Húnaþings vestra frá 23.febrúar 2024 þar sem lagt er til að skipa starfshóp um endurskoðun á dreifnámi á Hvammstanga og Blönduósi. Lagt er til að starfshópurinn skili tillögum og samantekt þann 1. júní 2024 til allra sveitastjórna.

Sveitarstjórn tilnefni Heiðmar Kristjánsson sem fulltrúa Skagabyggðar.

4. Samgöngu- og innviðaaætlun SSNV

Fyrir fundinum lágu drög að uppfærðri samgöngu- og innviðaaætlun SSNV

Sveitastjórn vill vekja athygli á að ekki er tekið fram í áætluninni þungaflutningar á Skagavegi vegna legu grjótnáma í sveitarfélaginu og uppbyggingu Kálfshamarsvíkur sem seguls í ferðaþjónustu. Einnig vantar á að upplýsingar um færð á vegum sé færð inn á upplýsingsíðu vegagerðar í umdæmi Vegagerðarinnar á Sauðárkróki.

5. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs

Fyrir fundinum lá leiðrétt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð þar sem fyrri gjaldskrá samræmdist ekki samþykkt sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs. Misræmið liggur í því að Skagabyggð á sorpílát sem dreift var til íbúa í kjölfar innleiðingar á “Borgað þegar hent er” og af þeim sökum geta íbúar ekki fengið greitt við útskipti á sorpílátum og verði ílátin fyrir skemmdum ber íbúum sjálfum að greiða fyrir ný ílát.

Oddvita er falið að birta uppfærða gjaldskrá á heimasíðu sveitarfélagsins og í Stjórnartíðundum.

6. Samband Íslenskra Sveitarfélaga - Áskorun

Fyrir fundinum lá áskorun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 8. mars 2024 Í henni kemur fram að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi skrifað undir yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga. Yfirlýsingin var gerð til að greiða fyrir gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði með það að markmiði að ná niður vöxtum og verðbólgu.

Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að sveitarfélögin komi að því á samningstímanum, ásamt ríkinu, að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og að útfærð verði leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans. Komi til þess



mun ríkið greiða kostnaðarþátttöku sem gæti á landsvísu numið 4,0 milljörðum. Fram kemur að ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga muni útfæra þetta og mun vinna við það fara af stað á næstu dögum og verða nánari upplýsingar veittar þegar nær dregur. Þá er því beint til sveitarstjórna að endurskoða gjaldskrárhækkanir sem tóku gildi um síðustu áramót er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skuli við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5%. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til þess að taka þátt í þessari skynsamlegu vegferð.

7. Öruggara Norðurland vestra

Fyrir fundinum lá samstarfsyfirlýsing frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra, Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, Ungmennasambandi Skagafjarðar, Ungmennasambandi Austur Húnavetninga, Ungmennasambandi Vestur Húnavetninga og sveitarfélögunum Skagafirði, Skagabyggð, Svf. Skagaströnd, Húnaþing og Húnaþingi vestra um að vinna saman gegn ofbeldi, öðrum afbrotum og til að stuðla að bættri þjónustu fyrir jaðarsetta hópa með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum. Gildistími samstarfsyfirlýsingarinnar er til loka kjörtímabils sveitarstjórna 2026.

Sveitarstjórn fagnar þessu framtaki.

8. Bréf

a) SSNV - Boð á ársþing SSNV

Fyrir fundinum lá boð á 32.ársþing SSNV sem haldið verður í félagsheimilinu á Blönduósi 11.apríl 2024. Erla Jónsdóttir og Vignir Sveinsson mæta sem fulltrúar Skagabyggðar á fundinn.

b) Umhverfis- orku og loftlagsráðuneyti -áform um breytingu á lögum um verndar og orkunýtingaráætlun.

Fyrir fundinum lá erindi frá umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytinu þar sem kallað er eftir sjónarmiðum vegna endurskoðunar laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Opið er fyrir umsagnir til 8. apríl 2024.

Sveitastjórn mun ekki senda inn umsögn.

c) EBÍ- styrktarsjóður

Fyrir fundinum lá bréf til kynningar á að opið sé fyrir umsóknir í sjóðinn til sérstakra framfaraverkefna á vegum sveitarfélaga. Samkvæmt reglum sjóðsins geta sveitarfélög að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrkjum tvö ár í röð. Þar sem sveitarstjórnin fékk úthlutun úr þessum sjóði í fyrra vegna uppbygginnar í Kálfshamarsvík sækjum við ekki um styrk á þessu ári.

9. Fundargerðir

a) Fundargerðir 943.-946. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðirnar voru til kynningar

b) Fundargerð SSNV nr 104

Fundargerðin var til kynningar

c) Fundargerðir Norðurá, fundargerðir funda nr 114 og 115, ársreikningur og fundargerð aðalfundar.



Fundargerðirnar voru til kynningar

10. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir öðrum málum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl. 10:50

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney R Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kolbrún Ágústa Guðnadóttir